

MENNTASTEFNA HVALFJARÐARSVEITAR

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



4 MENNTUN FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



9 NÝSKÖPIN OG UPPBYGGING



10 AUKINN JÖFNUÐUR



12 ÆBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



15 LÍF Á LANDI



16 FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



2022-2030





EFNISYFIRLIT



INNGANGUR.....	BLS 5
SKÓLASTARF Í HVALFJARÐARSVEIT.....	BLS 6
MARKMÍÐ MENNTASTEFNU.....	BLS 7
HEIMSMARKMÍÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA.....	BLS 8
FRAMTÍÐARSÝN OG KJARNI.....	BLS 9
MANNAUÐUR Í MENNTASAMFÉLAGI.....	BLS 10
BÖRN OG UNGMENNI.....	BLS 11
GILDI SKÓLA HVALFJARÐARSVEITAR.....	BLS 12
HORNSTEINAR STEFNUNNAR.....	BLS 13
MENNTASTEFNA.....	BLS 15
ÞÁTTTAKA OG VIRKNI.....	BLS 16
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ.....	BLS 17
JÖFN TÆKIFÆRI.....	BLS 18
UMHVERFISVITUND.....	BLS 19
INNLEIÐING OG LOKAORÐ.....	BLS 20
UNDIRMARKMÍÐ HEIMSMARKMÍÐANNA.....	BLS 21





INNGANGUR



Undirbúningur að menntastefnu Hvalfjarðarsveitar hófst árið 2020 með skipan stýrihóps sem í sátu skólastjórnendur, fulltrúar kennara og starfsfólks leik- og grunnskóla, fulltrúar úr fræðslunefnd auk menningar og frístundafulltrúa og fór formaður fræðslunefndar fyrir hópnum. Upphaflega stóð til að endurskoða fyrri stefnu en fjótlega varð ljóst að umhverfi skóla- og frístundastarfs hefur tekið miklum breytingum. Nýjar áherslur hafa verið lagðar í Menntastefnu Íslands ásamt því að innleiðing á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna kölluðu á nýja stefnumörkun. Eldri stefna var lögð til rýningar á meðalstarfsmanna leik- og grunnskóla, Foreldrafélags Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, skólaráðs, fræðslunefndar og fjölskyldu- og frístundanefndar. Börn og ungmenni í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar tóku einnig þátt í vinnunni með því að vinna verkefni um það hvernig draumaskólinn þeirra gæti litið út.

Niðurstaða þessarar vinnu eru þrjár hornsteinar sem allt skóla- og frístundastarf í Hvalfjarðarsveit mun byggja á. Þeir eru: *læsi, sköpun og fagmennska* og ganga þeir eins og rauður þráður í gegnum alla þætti stefnunnar.

Grundvallaráherslupættir stefnunnar eru fjórir: þátttaka og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund. Auk þess kom fram skýr vilji hagaðila um að Hvalfjarðarsveit setji sér markmið um að verða barnvænt samfélag sem leggur áherslu á heilsuefingu og umhverfisvernd.

Drög að menntastefnu voru lögð fyrir alla hagaðila í janúarmánuði 2022; sveitarstjórn, fræðslunefnd, fjölskyldu- og frístundanefnd, skólastjórnendur, foreldrafélag leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, nemendafélag Heiðarskóla, starfsfólk leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, umhverfisskipulags og náttúruverndarnefnd, mannvirkja- og framkvæmdanefnd, menningar- og markaðsnefnd og ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar.

Drög að nýrri menntastefnu voru síðan kynnt fyrir íbúum á vef til umsagnar í apríl 2022. Gildistími stefnunnar er til ársins 2030 með einni endurskoðun en aðgerðaáætlanir gilda til þriggja ára í senn.


Eva Magnúsdóttir, ráðgjafi og eigandi Podium ehf., kom að lokafrágangi menntastefnunnar og tengingu hennar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



SKÓLASTARF Í HVALFJARÐARSVEIT



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er starfræktur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu með samtals 130 börn. Leikskólinn Skýjaborg í Melahverfi er tveggja deilda leikskóli og grunnskólinn Heiðarskóli er heildstæður skóli fyrir 1.-10. bekk.





MARKMIÐ MENNTASTEFNU




Menntastefna Hvalfjarðarsveitar byggir á Aðalnámskrá leik- og grunnskóla, lögum um leik- og grunnskóla auk annarra laga er varða málefni barna og starfsfólks. Stefnan tekur einnig mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Meginmarkmið menntastefnunnar eru: að börn á öllum aldri fái notið bestu tækifæra til að þroskast og rækta hæfileika sína í samfélagi sem byggir á lýðræðislegri þátttöku og virkni og virðingu fyrir mannréttindum, margbreytileika og umhverfi.

Menntastefnan er unnin eftir þeim gildum sem skólinn hefur valið sér til framtíðar. Þau eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna og gildir hún fyrir allt leik-, grunn-, og frístundastarf í Hvalfjarðarsveit. Stefnan tekur einnig til samstarfs við aðrar menntastofnanir svo sem Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Tónlistarskólann á Akranesi.

MENNTASTEFNA HVALFJARÐARSVEITAR





HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmerkmíð og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Aðildarríki SP hafa skuldbundið sig til að innleiða markmiðin bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi. Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf.

Aðalinntak markmiðanna er að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt.



Hvalfjarðarsveit ákvað að móta menntastefnu sína með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og hefur valið að einbeita sér að eftirfarandi heimsmarkmiðum; 3, 4, 5, 9, 10, 12, 13, 15, 16, og 17 til þess að ná markmiðum menntastefnunnar.



FRAMTÍÐARSÝN OG KJARNI




Framtíðarsýn menntastefnunnar er eftirfarandi:

„Í Hvalfjarðarsveit blómstri öflugt skóla- og frístundastarf með áherslu á farsæld og velferð barna. Starfið byggir á nútímalegum starfsháttum þar sem tekið er tillit til margbreytileika og hlúð að styrkleikum og áhuga barna og ungmenna.“

Menntastefna Hvalfjarðarsveitar leggur grunn að barnvænu sveitarfélagi með því að flétta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stefnuna og gera ráð fyrir innleiðingu hans á gildistíma stefnunnar.

Kjarninn í stefnunni er öflugt skóla- og frístundastarf þar sem styrkleikar einstaklingsins fá að njóta sín og löggð er áhersla á að hlúa að og örva skapandi hugsun. Stefnan tekur bæði til barna og ungmenna auk starfsmanna í skóla- og frístundastarfi. Áherslurnar byggja á þremur hornsteinum sem eru læsi, sköpun og fagmennska sem ganga eins og rauður þráður í gegnum alla þætti stefnunnar.





MANNAUÐUR Í MENNTASAMFÉLAGI



Í menntasamfélagi Hvalfjarðarsveitar starfar metnaðarfullt, vel menntað og hæft starfsfólk sem leggur áherslu á vellíðan og framfarir barna. Starfsfólk starfar sem ein heild þar sem allir gegna mikilvægu hlutverki og einkennist starfið af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Í skóla- og frístundastarfi er lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og gott starfsumhverfi. Allt starfsfólk tekur virkan þátt í stefnumótun í skóla- og frístundastarfi og mótun starfsumhverfis. Áhersla er á sí- og endurmenntun allra starfsmanna samhliða starfi til hagsbóta fyrir menntasamfélagið.





BÖRN OG UNGMENNI



Menntastefna Hvalfjarðarsveitar tekur mið af áherslum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun eigi að hjálpa börnum að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Menntun á að miða að því að þau þekki réttindi sín og læri að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Menntun með það að markmiði að auka hæfni einstaklingsins til að takast á við áskoranir daglegs lífs, efla skilning hans á eiginleikum sínum og hæfileikum er í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsmiðuð. Jafnframt á menntun að gefa börnum og ungmennum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau undir þátttöku í samfélagi þar sem ríkir skilningur, friður, umburðarlyndi, jafnrétti og vinátta.

Virgni og þátttaka barna og ungmenna í leik og starfi er grundvöllur þess að þau fái notið leiðsagnar og stuðnings við að greina hæfni sína og styrkleika.





GILDI SKÓLA HVALFJARÐARSVEITAR

Gildi leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru virðing, vellíðan, samvinna og metnaður en þau eru rauður þráður í gegnum skólanámskrána.



VIRÐING

Í skólanum er lögð áhersla á að börn og fullorðnir komi fram af virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Það er einn af grunnþáttum farsælla samskipta.



VELLÍÐAN

Vellíðan er grundvöllur árangursríks náms og starfs. Skólinn leggur sig fram við að stuðla að vinnuvernd og andlegu og líkamlegu öryggi sem er einna mikilvægast í að stuðla að vellíðan.



SAMVINNA

Samvinna í skólastarfi er mikilvæg, með henni lærist að taka tillit til þarfa og skoðana annarra, koma skoðunum á framfæri, gera málamiðlanir og læra með og af öðrum.



METNAÐUR

Mikilvægt er að starfsfólk og börn/nemendur hafi metnað til þess að leggja sig fram í námi og starfi og að skólinn hafi hæft starfsfólk sem hefur velferð barna/nemenda að leiðarljósi.



HORNSTEINAR STEFNUNNAR



Í 29. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að menntun eigi að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa í samfélagi þar sem ríkir skilningur, friður, umburðarlyndi, jafnrétti og vináttá. Það er í samræmi við hornsteina stefnunnar, læsi, sköpun og fagmennsku og megin stefnuáherslur hennar þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund.

Læsi

Læsi í margvíslegri mynd er lykillinn að því að geta aflað sér nýrrar þekkingar. Þannig er læsi lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi. Læsi hvers og eins þróast í því félagslega og menningarlega umhverfi sem hann elst upp í. Þróunin heldur áfram út ævina og er nátengd málþroska. Með læsi er átt við þá hæfni til að geta lesið, skilið, túlkað og sett fram á gagnrýninn hátt orð, tölur, myndir og ták. Læsi í viðum skilningi vísar enn fremur til læsis á ólíka miðla, námsefni, tilfinningar, aðstæður, umhverfi og hegðun. Læsi hefst í frumbersku og þróast og þroskast út ævina. Læsi er undirstaða alls náms í nútímasamfélagi og skiptir höfuðmáli fyrir börn og ungmenni svo þau geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Sköpun

Í skapandi skólastarfi fá einstaklingar að uppgötva, njóta, fylgja nýjum leiðum, virkja ímyndunarafl og áhuga í þekkingarleit. Sköpun í skólastarfi á sér stað í samspili gagnrýnninnar hugsunar og aðferðafræði sem opnar á nýja möguleika, þar sem einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og býr til nýja. Skapandi ferli er því eins mikilvægt og afrakstur þekkingarinnar og byggir á forvitni og hugrekki til að fara út fyrir það þekktá. Gagnrýnin hugsun er nátengd hugtökunum um læsi og sköpun og tvinnast þau saman í leit hvers og eins að nýrri merkingarbærri þekkingu.

Fagmennska

Starf í skóla- og frístundastarfi spannar mörg hlutverk svo sem við kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf og þróunarstörf. Gæði og árangur byggist fyrst og síðast á vel menntuðum, áhugasömum og metnaðarfullum fagstéttum á öllum skólastigum sem hafa faglegt frumkvæði í starfi. Fagmennska í skóla- og frístundastarfi snýst um börn og ungmenni, menntun þeirra, uppeldi og velferð.



HORNSTEINAR STEFNUNNAR



LÆSI

Læsi í margvíslegrri mynd er lykillinn að því að geta aflað sér nýrrar þekkingar. Þannig er læsi lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.



SKÖPUN

Í skapandi skólastarfi fá einstaklingar að uppgötva, njóta, fylgja nýjum leiðum, virkja ímyndunarafli og áhuga í þekkingarleit og við að búa til nýja þekkingu.



FAGMENNСКА

Gæði og árangur byggist fyrst og síðast á vel menntuðum, áhugasömum og metnaðarfullum fagstéttum á öllum skólastigum sem hafa faglegt frumkvæði í starfi.

MENNTASTEFNA HVALFJARÐARSVEITAR

Til að ná fram markmiðum stefnunnar er lögð áhersla á þátttöku og virkni, heilbrigði og velferð, jöfn tækifæri og umhverfisvitund.



ÞÁTTTAKA OG VIRKNI

- Þjálfun í félagsfærni
- Virkni allra í menntasamfélaginu
- Öflugt samstarf við samfélagið
- Ábyrgð á eigin námi



JÖFN TÆKIFÆRI

- Jafnrétti fyrir alla
- Lýðræði og mannréttindi
- Snemmtækur stuðningur




HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

- Andleg og líkamleg heilsa
- Efla trú á eigin getu
- Sjálfsefning barna og ungmenna
- Öryggi í menntasamfélaginu



UMHVERFISVITUND

- Verkefni sem taka mið af sjálfbærri þróun
- Efla umhverfisvitund barna- og ungmenna
- Nýta nærumhverfið í leik og starfi
- Ábyrg neysla og minni soun





ÞÁTTAKA OG VIRKNI

Með því að byggja skóla- og frístundastarf á viðurkenningu, þátttöku og virkni allra sem að því koma er lagður grunnur að gæðum menntunar fyrir alla. Í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð eflist hæfni einstaklingsins til þess að eiga árangursrík samskipti við aðra. Það eflir tækifærin til þess að móta það samfélag sem einstaklingurinn vill tilheyra. Þar skiptir jafnrétti og jafnræði miklu máli auk þjálfunar í samvinnu og samskiptum.


Í skóla- og frístundastarfi Hvalfjarðarsveitar eflum við þátttöku og virkni með því að leggja áherslu á:

- Þjálfun í félagsfærni
- Virkni allra í menntasamfélaginu
- Öflugt samstarf við samfélagið
- Ábyrgð á eigin námi



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- Markviss kennsla í lífsleikni og þjálfun í góðum samskiptum
- Byggjum upp jákvæða menningu
- Lýðræðisleg vinnubrögð og samvinna endurspeglast í öllu starfi
- Virkja áhuga og eldmóð barna og ungmenna
- Þátttaka í samfélagslegum verkefnum
- Starfrækt er virkt skólaráð og foreldrafélag
- Öflugt samstarf, fræðsla og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla





HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Með því að standa vörð um heilbrigði og velferð er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Áhersla á heilsuefandi umhverfi og þekkingu á samspiли líkama, hugar og félagslegs umhverfis eykur líkur á að einstaklingur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og standi vörð um eigið heilbrigði til framtíðar.


Í skóla- og frístundastarfi Hvalfjarðarsveitar eflum við heilbrigði og velferð með því að leggja áherslu á;

- **Andlega og líkamlega heilsu**
- **Að efla trú á eigin getu**
- **Sjálfsþvingu barna og ungmenna**
- **Öryggi í menntasamfélaginu**



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- Rík áhersla á sjálfsstyrkingu, seiglu, hugrekki og sjálfsmýnd barna og ungmenna
- Unnið er eftir lýðheilsuviðmiðum Landlæknisembættisins með heilsuefningu
- Forvarnir, fræðsla og heilsuefning verði mikilvægur hluti skóla- og frístundastarfs
- Börn og fullorðnir komi fram af virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- Virkar áætlanir um andlegt og líkamlegt öryggi og heilbrigði





JÖFN TÆKIFÆRI

Með því að bera virðingu fyrir margbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum hvers og eins er lagður grunnur að jöfnum eða jafngildum tækifærum til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Með því er lögð áhersla á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.


Í skóla- og frístundastarfi Hvalfjarðarsveitar tryggjum við jöfn tækifæri með því að leggja áherslu á;

- **Jafnrétti fyrir alla**
- **Lýðræði og mannréttindi**
- **Snemmtækan stuðning**



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- Kennsla og starfshættir tryggi jöfn tækifæri fyrir alla og geri ráð fyrir margbreytileika í fjölmenningsamfélagi
- Markvisst unnið að fræðslu um jafnrétti
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna innleiddur
- Unnið er eftir lögum um mannréttindi
- Áhersla á snemmtækan stuðning í öllu skóla- og frístundastarfi og námsaðstæður aðlagðar að þörfum nemenda





UMHVERFISVITUND

Líf og lífsgæði eru háð náttúru og umhverfi og skilningur á því leggur grunn að þekkingu á því að sjálfbær þróun á sér stað innan þeirra takmarkana sem vistkerfi jarðar setja okkur. Með því að leggja áherslu á skilning á því hvernig umhverfi og náttúra umlykja allt mannlegt samfélag er lagður grunnur að hæfni einstaklingsins til að gera sér grein fyrir mikilvægi umhverfisins. Kynslóðin sem nú er að vaxa upp þarf þjálfun í nýsköpunarhugsun, tækni og hugmyndafræði hringrásarhagkerfis í breyttu samfélagi.

Í skóla- og frístundastarfi Hvalfjarðarsveitar leggjum við grunn að umhverfisvitund með því að leggja áherslu á að;

- Fjölga verkefnum sem taka mið af sjálfbærri þróun
- Efla umhverfisvitund barna og ungmenna
- Nýta nærumhverfið í leik og starfi
- Ábyrga neyslu og minni soun



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM

- Reglulega er lagt mat á stöðu umhverfismála
- Gerðar eru aðgerðaráætlanir og unnið eftir þeim
- Eftirlit og endurmat á aðgerðum
- Ábyrg innkaup innleidd í skóla- og frístundastarfi
- Aðstöðu til útináms verði viðhaldið og hún bætt
- Hráefni endurnýtt í anda hringrásarhagkerfis
- Vettvangsferðir nýttar til nýsköpunar og náms
- Áhersla á að börn og ungmenni upplifi vellíðan í náttúrunni
- Huga að vistspori í öllu skóla- og frístundastarfi





INNLEIÐING OG LOKAORÐ



Skýr stefna er nauðsynleg til þess að heimili og sveitarfélag geti fylgst með framkvæmd skólastarfs og lagt mat á gæði þess. Menntastefna Hvalfjarðarsveitar er sett fram sem öflug framtíðarsýn í skólamálum í sveitarfélaginu. Skólarnir sem stefnan tekur til eru leikskólinn Skýjaborg og grunnskólinn Heiðarskóli. Skólastarf er gríðarlega mikilvægt til þess að auka og viðhalda góðri þekkingu í samfélaginu. Nemendur eru virkir þátttakendur í samfélaginu og öflugt samstarf heimilis- og skóla skiptir því öllu máli.

Innleiðing stefnunnar hefst að hausti 2022 þar sem nefndir og stofnanir sveitarfélagsins, er málið varðar, útbúa sína eigin aðgerðaráætlun til þriggja ára í senn. Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar mun jafnframt endurskoða skólanámskrá fyrir Heiðarskóla og Skýjaborg í takt við menntastefnuna með aðkomu starfsfólks, nemenda og foreldra. Menntastefna Hvalfjarðarsveitar er á ábyrgð fræðslunefndar og sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar og er gert ráð fyrir að hún sé endurskoðuð hið minnsta einu sinni á gildistíma hennar. Í kjölfarið verða þróuð gæðaviðmið í samstarfi við hagaðila.





UNDIRMARKMIÐ



- 3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 3.6 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.
- 4.4. Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gengt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- 4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.
- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.
- 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.
- 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.
- 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- 16.1 Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.
- 12.1 Hruðið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.
- 12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.



UNDIRMARKMIÐ



- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- 15.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- 15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.
- 16.3 Réttarríkið verði eftt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.
- 17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmda þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími.





Útgefið af Podium ehf.
Ráðgjöf: Eva Magnúsdóttir